

AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra um frest til að skila umsókn
um lækkun á fyrirframgreiðslu þingjalda á árinu 2019.**

1. Frestur til að skila umsóknum um lækkun á fyrirframgreiðslu ársins 2019, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1212/2018, er til 31. maí 2019 vegna lögaðila. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið sendar rafrænt á netfangið umsoknir@rsk.is fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skatt- eða gjaldstofnar vegna tekjuársins 2018 séu a.m.k. 25% lægri en þeir stofnar sem fyrirframgreiðslan ákvörðast af, þ.e. tekjuárið 2017, og að álögð gjöld 2019 muni af þeim sökum að lágmarki verða 100.000 kr. lægri en við álagningu 2018.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur fyrir lækkun á fyrirframgreiðslu með framlagningu skattframtals 2019 ásamt lögboðnum fylgiskjölum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2019 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Vakin er athygli á því að heimilt er að óska eftir endurupptöku á ákvörðun ríkisskattstjóra innan þriggja mánaða frá dagsetningu úrskurðar.
5. Auglysing þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1212/2018 og tekur þegar gildi.

Reykjavík, 4. janúar 2019.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2019